



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Illa drottningin afbyggð**

**Hlutverk kyngervis í póstmóðernísku fantasíuseríunni**

*Krúnuleikarnir*

**Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði**

**Alexandra Eyfjörð Ellertsdóttir**

**Maí 2013**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Almenn bókmenntafræði

# Illa drottningin afbyggð

Hlutverk kyngervis í póstmódernísku fantasíuseríunni

*Krúnuleikarnir*

Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Alexandra Eyfjörð Ellertsdóttir

Kt. 060789-2829

Leiðbeinandi: Úlfhildur Dagsdóttir

Maí 2013



## Ágrip

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um birtingarmynd kyngervis í *Krúnuleikunum* eftir George R.R. Martin og hvernig staða kvenpersóna innan fantasíuheimsins hefur tekið breytingum með innkomu póstmóðernisma. Ég mun styðja mig við skilgreiningu Jean-François Lyotard á póstmóðernisma með sérstakri áherslu á þá breytingu er hefur orðið í formgerð skáldsagna í nútímasamfélagi. Samfara skilgreiningu hans á póstmóðernisma mun ég greina frá túlkun Judith Butler á kyngervi sem athöfn er hlýtur gildi sitt í gegnum endurtekningu og hugmyndum Joan Riviere á leiknu hlutverki kyngervis. Með þeirri sundrun er hefur orðið í frásagnamáta fantasíubókmennta sökum afbyggingar leiðarfrásagnarinnar, eða ‚meta-narrative‘ eins og hún er kölluð í enskri þýðingu, trúi ég að hafi skapast möguleiki fyrir því að afbyggja viðtekið kyngervi og mun ég rannsaka birtingarmynd þess í gegnum drottninguna Cersei Lannister. Sökum þess að lesandinn er aðeins kynntur fyrir Cersei í gegnum aðrar persónur verksins í fyrstu þremur bókum seríunnar eru henni tileinkaðir eiginleikar hinnar viðteknu illu drottningar vegna stöðu hennar innan valdaskipunarinnar. Það er ekki fyrr en í fjórðu bókinni *A Feast for Crows* sem að Cersei er sjálf sett í forgrunninn og gjörðir hennar eru útskýrðar út frá hennar eigin sjónarhorni. Sú sundurleitni sem einkennir sjálfsmynd hennar er því sköpuð í gegnum fyrirfram ákveðna staðla samfélagsins á kyngervi kvenna, sem afneitar löngun þeirra til að gegna valdamikilli stöðu.

## Efnisyfirlit

1. kafli- Inngangur.....	1
2. kafli- Hvarf frá hinu yfirnáttúrulega í <i>Krúnuleikunum</i> .....	3
3. kafli- Greinaskipting innan fantasíunnar.....	4
4. kafli- Kvenpersónur í gegnum sögu fantasíubókmennta.....	7
5. kafli- Frá móðernisma í póstmóðernisma.....	9
6. kafli- Kyngervi sem samfélagslegt hlutverk.....	11
7. kafli- Heimurinn byggður og afbyggður.....	12
8. kafli- Staða kynjanna í heimi Westeros.....	14
9. kafli- Cersei Lannister- illa drottningin afbyggð.....	16
10. kafli- Áhrif frásagnarmátans á ímynd Cersei.....	18
11. kafli- Lokaorð.....	22
Heimildarskrá.....	24

## Inngangur

Sem grein innan bókmenntaheimsins tekur fantasían til verka er leggja ekki áherslu á raunsæja framsetningu, m.a. goðsagna, þjóðsagna, ævintýra, vísindaskáldsagna og hrollvekja. Fantasían spannar því langa sögu og rekur rætur sínar allt til fornaldar með verkum á borð við Gilgameskviðu, Þjólfskviðu og bæði Ílíons- og Ódysseifskviðu Hómers, sem innihalda öll vísun í yfirnáttúrulegan veruleika. Megineinkenni þessarar greinar, þrátt fyrir umfang hennar, hefur því í gegnum söguna verið sköpun á hliðstæðum veruleika sem er á einhvern hátt ólíkur okkar eigin. Þrátt fyrir að rithöfundar fantasíubókmennta skapi tilveru sem lýtur ekki sömu lögmálum og okkar eigin veruleiki þá hverfa þeir aldrei algjörlega frá honum heldur þenja hann fremur út og leggja fram túlkun sína á honum.<sup>1</sup>

Greinaskipting fantasíunnar hefur ávallt verið vandasöm, sökum bæði umfangs hennar og þeirra einkenna sem talin eru skilgreina hana. Með vinsældum fantasíunnar í nútímasamfélagi hafa undirgreinar hennar aldrei verið fleiri og virðist sem endurskilgreining á einkennum hvernar greinar fyrir sig þurfi að eiga sér stað með hverju verki sem gefið er út. Þau miklu áhrif sem fantasíuheimur J.R.R. Tolkien hafði á mótun greinarinnar, þar helst sería hans *Hringadróttinssaga* (1954), ól óneitanlega af sér ákveðnar tilhneigingar sem höfundar fantasíubókmennta halda enn þann dag í dag áfram að tileinka sér. Þessi ákveðna tegund fantasíu, kölluð ‚immersive‘ fantasían eða ‚ævintýrafantasían‘ eins og ég mun kalla hana í umfjöllun minni, hefur það að sínu helsta einkenni að heimurinn á sér engin bein tengsl við raunveruleikann. Sú fantasíusería sem ég mun fjalla um í þessari ritgerð, kölluð *Krúnuleikarnir* í nýlegri íslenskri þýðingu, mætti segja að tilheyri þessari ákveðnu undirgrein í gegnum birtingarmynd á landafræði og menningarheimum sem eru lesandanum framandi. Það er hins vegar í gegnum formgerð og sjónarhorn seríunnar sem skilur hana frá ævintýrafantasíu Tolkien, þá sérstaklega með því umbroti er orðið hefur í leiðarfrásögninni, sem mun vera miðpunktur greiningar minnar á hlutverki kvenpersóna í *Krúnuleikunum*.<sup>2</sup> Í miðaldasamfélagi þessarar seríu er kallast Westeros hefur það yfirnáttúrulega tekið á sig mynd goðsagna og einblína persónur verksins fremur á stöðu sína og fjölskyldu sinnar innan valdaskipunarinnar. Í gegnum póstmóderníska túlkun vil ég halda því fram að það siðferði

---

<sup>1</sup> David Sandner. „Romantic to the Fantastic“, *The Fantastic Sublime: Romanticism and Transcendence in Nineteenth-Century Children's Fantasy Literature*. Westport: Greenwood Press, 1996, bls. 63.

<sup>2</sup> Hugmyndin um leiðarfrásögnina var upphaflega mótuð af fræðimanninum Jean-François Lyotard sem taldi sig sjá breytingu í máta formgerðar frásagna og var það grunnurinn að túlkun hans á póstmódernisma í nútímasamfélagi.

sem iðkað er í þessu samfélagi brýtur í bága við það hefðbundna tvenndarkerfi góðs og ills sem fantasían hefur gengið út frá í gegnum sögu hennar. Formgerð *Krúnuleikana* mætti því segja að væri fullkomin útlistun á eðli samfélagsins Westeros, sem byggist á bæði leynimakki og spillingu.

Í þessari umfjöllun mun ég einblína á framsetningu kvenpersóna og þá taka sérstaklega fyrir drottninguna Cersei Lannister. Í greiningu minni á Cersei mun ég leggja áherslu á kenningar Judith Butler um kyngervi sem samfélagslega smíði og samfara því mun ég nefna túlkun Joan Riviere á kvenleikanum sem hlutverk. Þær kvenpersónur sem teknar eru fyrir og það mótlæti sem þær verða fyrir spilar mikilvægt hlutverk í að draga fram aðskilnaðinn milli blekkingar samfélagsins í *Krúnuleikunum* og raunverulegrar stöðu persónanna. Með frásagnarmáta seríunnar, sem byggist á vafasömum ályktunum sögumanna og annarra persóna innan verksins, er grundvöllur lagður fyrir þá sundurleitni sem einkennir þennan heim og hvernig þessi fyrirfram ákveðnu hlutverk móta persónurnar.

## Hvarf frá hinu yfirnáttúrulega í *Krúnuleikunum*

Í *Krúnuleikunum* lýsir George R.R. Martin hefðbundnu miðaldasamfélagi er kallast Westeros þar sem léns herrar, riddarar og hefðardömur ráða ríkjum. Upphafin ímynd þessara persóna er hins vegar aðeins tilbúningur, þar sem undir niðri býr spilling og linnulaus barátta um völd. Goðsagnir um djarfar hetjur sem verja hjálparvana dömur eru í þessum heimi uppspuni og bæði riddarar og léns herrar bregðast fyrirframákveðnu hlutverki sínu sem siðferðislegar fyrirmyndir. Með sjónarhorni sem blandar saman bæði fyrstu og þriðju persónu frásögn skýra aðalpersónurnar frá sinni persónulegu upplifun af samfélaginu og þeim manneskjum er verða á vegi þeirra, sem leiðir oft til mistúlkunar á gjörðum hvernar persónu fyrir sig.<sup>3</sup> Í stað þess að takmarka þetta sjónarhorn við eina aðalpersónu fléttar Martin saman mörgum frábrugðnum persónum sem greina frá sinni eigin túlkun á tilveru sinni og þeim aðilum er þær umgangast. Lesandinn sér því söguframvinduna í gegnum sundrað og oft mótsagnakennt sjónarhorn hvernar persónu fyrir sig.

Eitt af megin einkennum fantasíubókmennta í gegnum sögu greinarinnar hefur verið að skapa baráttu milli góðs og ills sem að keyrir söguframvinduna áfram. Í *Krúnuleikunum* liggur þessi ógn í yfirvofandi komu vetrarins sem í heimi Westeros varir í mörg ár og boðar enn fremur komu yfirnáttúrulegra vera. Þrátt fyrir hvarf samfélagsins frá hinu yfirnáttúrulega færir byrjun verksins lesandann samstundis yfir á svið þess þegar meðlimir Nætúrvarðanna, sem eiga það hlutverk að vernda ríkið fyrir þeim óhugnaði er fylgir vetrinum, komast í snertingu við *The Others* eða Hinir í íslenskri þýðingu, ódauðlegar verur sem taldar voru útdauðar.<sup>4</sup> Sökum áherslu persónanna á stöðu sína og fjölskyldu sinnar innan valdaskipunarinnar er því lítil áhersla lögð á þær hættur sem byrjaðar eru að láta á sér kræla á ný. Misnotkun á valdi er því stöðugt þema í seríunni, sama hver beitir því, og er titill seríunnar góð vísbending fyrir þá afbyggingu er á sér stað í þeim leik sem valdhafar samfélagsins spila sín á milli.

Í kjölfar inngangsins hverfur Martin frá þessari yfirnáttúrulegu vídd og kynnir til sögunnar samfélag sem einkennist af hefðbundinni miðaldabyggingu þar sem sömu fjölskyldurnar hafa farið með völdin í þúsundir ára.<sup>5</sup> Hver fjölskylda hefur sitt sérhæfða skjaldamerki og

---

<sup>3</sup> Mikilvægt í þessu samhengi er skynjun aðalpersónanna á þeim manneskjum sem þær umgangast og hvernig þær túlka hegðun þeirra og orðspor.

<sup>4</sup> George R.R. Martin. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Uglu, 2012, bls. 18.

<sup>5</sup> Ein af valdamestu fjölskyldum Westeros ber nafnið Lannister og mun hún vera áhersla mín í þessari umfjöllun og þá sérstaklega drottningin Cersei Lannister. Einnig má nefna Baratheon og Stark fjölskyldurnar sökum mikilvægi þeirra í valdaskipuninni en ég mun ekki leggja sérstaka áherslu á þær.



einkennisorð sem eiga á einhvern hátt að lýsa eðli stjórnunar þeirra.<sup>6</sup> Þegar hér er komið við sögu hefur ríkt friður í samfélagi Westeros í nærri 15 ár eftir stríð gegn þáverandi konungi er kallaður var óði konungurinn Aerys af Targaryen-fjölskyldunni.<sup>7</sup> Sú uppreisn sem valdamestu fjölskyldur samfélagsins leiddu, þ.e. Stark, Baratheon og Lannister fjölskyldurnar, var réttlæt看leg einmitt vegna þess brjálæðis sem hafði heldtekið konung þeirra. Sú leið sem byltingarsinnarnir fóru var hins vegar í mótsögn við upprunalegan tilgang þeirra og staðsetti þá ekki langt frá þeirri vitfirringu sem þeir reyndu að berjast gegn. Þau mistök sem gerðu Aerys Targaryen óstjórnhæfan hafa byrjað að láta á sér kræla á ný með konunginum Robert Baratheon sem hefur á stjórnartíð sinni orðið nautnahyggjunnar að bráð. Meðvituð ákvörðun konungsins að loka augunum fyrir því leynimakki og prettum sem einkennir stjórnsýsluna sýnir hversu fljótt samfélagið er að gleyma þeim mistökum er framin voru og eru því í sífelldri endurtekningu.

## **Greinaskipting innan fantasíunnar**

Áður en lengra en haldið ætla ég að skýra frá þeim undirgreinum er hafa haft hvað mest áhrif á þróun fantasíunnar og þar af leiðandi *Krúnuleikana*. Sökum umfangs fantasíugreinarinnar hefur skilgreining á einkennum hennar ávallt verið fræðimönnum erfitt úrlausnarefni. Með auknum vinsældum greinarinnar bæði í heimi bókmennta og annarra miðla innan samfélagsins hefur greinaskipting hennar orðið æ flóknari og erfiðari að skilgreina. Sá staðall sem notaður er til að staðsetja bókmenntir innan fantasíunnar í dag virðist að mestu leyti snúa að tengslum fantasíuheimsins við okkar eigin veruleika og hvernig hið yfirnátúrulega er sett fram í hverju verki fyrir sig.<sup>8</sup> Til þess að skilgreining á frábrugðnum greinum hennar sé möguleg er ekki hægt að líta á skiptinguna sem ákveðna eða algjöra heldur er hún mótuð af væntingum bæði lesandans og höfundarins. Þær greinar sem ég mun fjalla um hérna að neðan eru því ekki tæmandi heldur sýna fram á þann óstöðugleika er býr í skiptingunni og þá viðvarandi endurnýjun sem á sér stað innan hennar.

„Quest“ fantasían, eða „ferðafantasían“ eins og hún mun vera kölluð í þessari ritgerð, fjallar um persónu sem hverfur frá hversdagslegu lífi sínu og kemst á einhvern hátt í beint samband

---

<sup>6</sup> Til dæmis má taka skjaldamerki Lannister-fjölskyldunnar, ljón á rauðum bakgrunni, sem verður útgangspunktur fyrir stolt þeirra og yfirburði.

<sup>7</sup> Til þess að halda blóðlínu fjölskyldunnar hreinni höfðu systkini verið gift hvort öðru yfir 300 ára valdasögu hennar og er það óbeint séð sem orsök þeirrar vitfirringu er einkennti valdatímabil Aerys Targaryen.

<sup>8</sup> Þær breytingar sem hafa orðið í frásagnarmáta og sjónarhorni innan fantasíunnar mun ég koma að seinna í þessari umfjöllun þegar ég fjalla um þau skil sem hafa myndast í módernísku og póstmódernísku fantasíunni.

við yfirnáttúrulega heiminn.<sup>9</sup> Lesandinn fylgir aðalpersónunni í gegnum mjög hefðbundna formgerð sem á margt sameiginlegt með frásagnamynstri Joseph Campbell. Fyrsta skrefið sem hetjan stígur í formgerð Campbell er kall til ævintýrisins og fylga á eftir því m.a. afneitun á kallinu, færsla hetjunnar yfir í yfirnáttúrulega heiminn, þrekraun hetjunnar og verðlaunin í kjölfar þess.<sup>10</sup> Það skref hetjunnar sem færir hana frá hversdagslega heiminum yfir í þann yfirnáttúrulega er áhugavert í sambandi við aðra grein fantasíunnar sem ber nafnið ‚portal‘ fantasía, eða ‚tveggjaheima fantasían‘ eins og ég hef ákveðið að þýða hana. Þar eru mörk þessara tveggja veruleika skýrari, þar sem vitneskjan um þennan yfirnáttúrulega heim er ekki til staðar hjá aðalpersónunni. Sería C.S. Lewis *Ljónið, nornin og skápurinn* (1950) uppfyllir þessar kröfur sem og *Lísa í Undralandi* (1865) eftir Lewis Carroll.<sup>11</sup> Þær breytingar sem hafa orðið innan tveggjaheima fantasíunnar á síðastliðnum árum snúa að færslu þess yfirnáttúrulega yfir í hinn hversdagslega heim, eins og verkin um galdratrákinn Harry Potter eftir J.K. Rowling (1997) hafa sýnt fram á. Þar er mikil áhersla lögð á að sýna mótsetningu galdraheimsins við hversdagslega heiminn með því að láta hið yfirnáttúrulega stíga yfir þröskuld galdraheimsins og yfir í hinn venjulega heim.<sup>12</sup> Ólíkt ferðafantasíunni þá einkennist ‚sverð og særinga‘ fantasían af hraðri atburðarás og vissri snerpu í frásagnarmátanum samhliða sterkri líkamsbyggingu aðalpersónunnar.<sup>13</sup> Frásagnir af *Villimanninum Conan* (1970) eftir Robert E. Howard marka upphaf þessarar greinar og fylgdu margar svipaðar fantasíur í kjölfar þeirra, eins og sögurnar af *Grey Mouser* (1939) eftir rithöfundinn Fritz Leiber.<sup>14</sup> Aðalpersóna þessara sagna er knúin áfram af sínum eigin markmiðum og enn fremur eru afrek hennar sjaldan undraverð í samanburði við óeigingjarnar gjörðir hetju bæði ævintýrafantasíunnar og tveggjaheima fantasíunnar.

Það er nánast óhjákvæmilegt að líta framhjá áhrifum J.R.R. Tolkien á mótun fantasíunnar á 20. og 21. öldinni. Í verki sínu *Hringadróttinssaga* lagði Tolkien áherslu á innihaldsríka forsögu fantasíuheimsins sem átti upphaf sitt í því tungumáli sem persónur hans töluðu.

---

<sup>9</sup> Sem grundvöllur fyrir það form sem fantasían tileinkaði sér á 20. og 21. öldinni er *Hringadróttinssaga* sambland af mörgum greinum, þar á meðal ævintýrafantasíunnar og tveggjaheima fantasíunnar.

<sup>10</sup> Joseph Campbell. *The Hero with a Thousand Faces*. Novato: New World Library, 2008.

<sup>11</sup> Í báðum þessum verkum er það ung stúlka sem finnur fyrir slysi inngang í annan veruleika.

<sup>12</sup> Til þess að Harry geti ferðast inn í galdraheiminn þarf hann að notast við einhvers konar inngang sem ósýnilegur er venjulegu fólki; til dæmis má taka brautarpall 9 ¾ í King's Cross lestarstöðinni sem myndar bókstaflegan vegg milli hins venjulega heims og galdraheimsins.

<sup>13</sup> Áhugavert er að það eru fremur óvinir hetjunnar í sverð og særinga fantasíunni sem hafa á valdi sínu yfirnáttúrulega krafta.

Derek M. Baker. „Sword and Sorcery“, *The Science Fiction and Fantasy Reader's Advisory: The Librarian's Guide to Cyborgs, Aliens and Sorcerers*. Chicago: American Library Association, 2002, bls. 167.

<sup>14</sup> Farah Mendlesohn. „The Portal Quest Fantasy“, *Rhetorics of Fantasy*. Middletown: Wesleyan University Press, 2008, bls. 37.

Persónur hans og enn fremur þeir kynþættir er hann mótaði höfðu mikil áhrif á þróun fantasíunnar og hefur orðið grundvöllur fyrir sköpun á hvers kyns fantasíuveröld enn þann dag í dag. Rétt eins og Tolkien skapar George R.R. Martin í *Krúnuleikunum* margslungna menningarheima sem hafa hver fyrir sig sína eigin forsögu og sérstöku eiginleika. Það fyrsta sem lesandinn er kynntur fyrir í byrjun seríunnar er kort af landsvæði Westeros og færir lesandann því samstundis inn í heim sem er honum framandi.<sup>15</sup> Sökum áherslu Martin á ríka forsögu þessa heims er því vel hægt að staðsetja seríuna innan ævintýrafantasíunnar. Saga Westeros er hins vegar byggð á þjóðsögnum þessa heims heldur en sögulegum staðreyndum hans, ólíkt sagnabálkum eins og *Silmarillion* þar sem að forsögu Miðgarðs er lýst ítarlega í gegnum bæði það landsvæði og þá kynþætti er þar dvelja.<sup>16</sup> Í *A Dance with Dragons*, nýjstu bókinni í seríu *Krúnuleikana*, er minnst á þessa óvissu þar sem að annars vegar sögulegar heimildir og hins vegar heimildir meistarana<sup>17</sup> stangast á við hvor aðra hvað varðar komu þjóðflokksins Andala á landsvæði Westeros.<sup>18</sup> Hvers kyns sögulegar staðreyndir umbreytast í þessu skyni í þokukennd goðsagna og sprettur meðal annars upp af skorti þessa heims á hefðbundinni árstíðarbreytingu, þar sem að veturinn sem og sumarið stendur yfir í mörg ár í senn. Samfara þeirri óvissu er einkennir sögulegar heimildir í heimi Westeros hefur trúin á það yfirnáttúrulega einnig orðið hluti af goðsögninni og líta persónur verksins svo á að það sé aðeins hluti af fortíð Westeros sem mun ekki snúa aftur.

Eins og ég hef nefnt þá hefur ákveðin óvissa einkennt mörk þeirra greina er tilheyra fantasíunni og eru því í stöðugri endurnýjun. Þær greinar sem ég hef fjallað um, þ.e. ævintýrafantasían, tveggjaheima fantasían, ferðafantasían og sverð og særinga fantasían sýna hversu óstöðug skiptingin er innan fantasíugreinarinnar og enn fremur hvernig margar frábrugðnar greinar geta búið í hverju verki fyrir sig. Rétt eins og greinarnar sjálfar er form þeirra á fræðilegum grundvelli ávallt í endurmótun og með hverju fantasíuverki sem bætist í flokkinn þarf að eiga sér stað viss endurskoðun. Með komu *Krúnuleikana* í flokk fantasíubókmennta urðu viss stakkaskipti í formerkjum ævintýrafantasíunnar sökum þeirrar afbyggingar sem þar á sér stað, m.a. í óáreiðanleika sögulegra heimilda innan verksins og

---

<sup>15</sup> George R.R. Martin. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Ugly, 2012, bls. 6-9.

<sup>16</sup> Anne Pienciak. „The Author and his Times“, *J.R.R. Tolkien's The Hobbit and the Lord of the Rings*. New York: Barron's Educational Series Inc., 1986, bls. 7.

<sup>17</sup> Maesters spila mikilvægt hlutverk í samfélagsskipan Westeros þar sem þeir eru bæði kennarar og læknar hefðarstéttarinnar. Með minnkandi trú á áhrifamátt galdra hefur þessi stétt horfið frá upprunalegum rótum sínum í galdbrögðum og einblína fremur á vísindalega þekkingu.

<sup>18</sup> Þær tímasetningar sem varpað er fram eru allt frá 2000 árum í 6000 ár sem sýnir enn fremur fram á óvissu þessara heimilda.

George R.R. Martin. *Games of Thrones: A Dance with Dragons*. New York: Bantam Books, 2011, bls. 707.

hvarfi samfélagsins frá hinu yfirnáttúrulega.<sup>19</sup> *Krúnuleikarnir* eru því gott dæmi um þá endurmótun er hefur átt sér stað bæði í byggingu fantasíuheimsins og sköpun þeirra persóna er dvelja þar. Enn fremur sýnir serían hvernig greinaskipting innan fantasíunnar er aldrei endanleg og ákvarðast upp að vissu marki af ásetningi höfundarins og þeim fyrirframákveðnu væntingum er hver grein hefur fyrir sig.

## **Kvenpersónur í gegnum sögu fantasíubókmennta**

Eins og augljóst hefur orðið með umfjöllun minni á undirgreinum fantasíubókmennta eru þær í sífelldri mótun og gerir það að kjörnu sviði fyrir tilraunir á kynhlutverkum. Allt frá verkum J.R.R. Tolkien hefur fantasían haft það að sínu megineinkenni að líta til mögulegra birtingarmynda bæði karl- og kvenpersóna, oftast en ekki í þeim tilgangi að bylta hlutverkum þeirra. Hvort það séu fantasíur er fara eftir hefðbundinni frásagnabyggingu, eins og *Hringadróttins saga* og verk J.K. Rowling um galdratrákinn Harry Potter, eða róttækar póstmódernískar fantasíur eins og verk bæði Terry Pratchett og Ursula K. Le Guin, á sér stað einhvers konar umbreyting á því hlutverki sem kvenpersónur spila í framvindu sögunnar.

Á þeim tíma er J.R.R. Tolkien skapaði fantasíuheim sinn einkenndist samfélagið af þversögnum. Með seinni heimstyrjöldinni hafði konum verið ýtt út á vinnumarkaðinn sem leiddi óhjákvæmilega til þess að endurskoðun hófst á hlutverki þeirra í samfélaginu.<sup>20</sup> Það uppnám sem myndaðist í kjölfar stríðsins á hefðbundnum kynhlutverkum endurspeglast í persónusköpun Tolkien, þar sem óhefðbundið háttalag kvenpersóna er gert réttlæt看legt. Í þessu samhengi spilar Éowyn, frænka konungsins Théoden, mikilvægt hlutverk sem birtingarmynd hinnar bældu stríðskonu. Sem hefðarkona Róhan snúast fyrirframákveðnar væntingar samfélagsins að því að hún tileinki sér ímynd hinnar gefandi og hlýðnu konu og hefur því ekki pláss fyrir bardagahæfileika hennar.<sup>21</sup> Það er ekki fyrr en að Éowyn tileinkar sér gervi stríðskappans að möguleiki opnast fyrir henni að tileinka sér það hlutverk sem hún þráir að gegna. Í seríunni um galdratrákinn Harry Potter eftir J.K. Rowling er farið eftir svipaðri formgerð og í *Hringadróttins sögu*. Birtingarmynd hinnar viðkvæmu Hermione, ein af

---

<sup>19</sup> Þessi póstmódernísku einkenni seríunnar mun ég skýra enn frekar hérna fyrir neðan og mun þá leggja áherslu á þá sundrun sem hefur orðið í leiðarfrásögninni.

<sup>20</sup> Maureen Thum. „Hidden in Plain View: Strategizing Unconventionality in Shakespeare’s and Tolkien’s Portraits of Women“, *Tolkien and Shakespeare: Essays on Shared Themes and Language*, ritstj. Janet Brennan Croft. North Carolina: McFarland & Co. Inc, 2007, bls. 233.

<sup>21</sup> Það er Gandalfur sem að útskýrir þær hömlur er Éowyn hefur þurft að berjast við í gegnum ævi sína og að í henni búi meira hugrekki en mörgum stríðsköppum. J.R.R. Tolkien. „The House of Healing“, *The Return of the King*. Glasgow: HarperCollins Publishers, 1999, bls. 162-3.

aðalpersónum Harry Potter bókanna, er hins vegar mjög ólík ímynd sterku bardagakonunnar Éowyn. Tilfinninganæmi Hermione gagnvart þeim verum er þykja óæðri í þessum heimi leiðir til þess að hún verður talsmaður þess óréttlætis er býr í samfélagsbyggingu galdraheimsins. Ákveðni hennar skapraunar aðeins samnemendum hennar sem ýtir enn fremur undir vilja hennar til að reyna að betrubæta þennan heim.<sup>22</sup>

Í fantasíuheimi rithöfundarins Terry Pratchett er hann kallaði *Discworld* (1983) bregður fyrir m.a. paródía á sverð og særinga fantasíugreininni. Í *The Fifth Elephant* og *Thud!* er lesandinn kynntur fyrir dvergkonunni Cheery Littlebottom sem brýst gegn þeim óaðgreinanleika er einkennt hafði bæði karla og konur af dvergkyni í bókmenntum Tolkien. Með því að berjast fyrir því að greinarmunur sé gerður á karldvergum og kvendvergum, m.a. með því að kynna til dvergatungumálsins orðið ‚hún‘ og vera fyrsti kvendvergurinn til að ganga í pilsu, hóf Cheery menningarbyltingu innan heims dverganna. Ólíkt hinni hefðbundnu kvenhetju sem reynir eftir sínu fremsta megni að sanna sig á velli karlmanna þá er Cheery persóna sem stendur fyrir eiginleikum er heyra til kvenna. Í tilfelli Ursulu K. Le Guin hafa verk hennar verið í forgrunni á þess konar endurhugsun á kyngervi bæði í heimi fantasíunnar og vísindaskáldsögunnar. Í seríu sinni *Earthsea* (1968) ber meira á einkennum fantasíunnar með heimi þar sem galdrar og drekar fyrirfinnast. Í tilraun sinni til þess að afbyggja hefðbundnar erkítýpur skapaði Le Guin hetjur með dökkt litarhaft á meðan illmennin voru af hvíta kynstofninum. Þrátt fyrir þessa breytingu voru þessar dökku karlhetjur samt sem áður mjög hefðbundnar í sniði, sem Le Guin hverfur frá í fjórðu bók seríunnar *Tehanu* til þess að vega á móti þessari ‚rangtúlkun‘. Í þessu verki varpar hún fram kvenhetju kölluð Tenar sem klofin er af mörgum mismunandi sjálfum.<sup>23</sup> Hefðbundna karlhetjan, sem einkennist að mestu af getu sinni til að sigrast á illum öflum, er hvergi sjáanleg. Drekin, það skrímsli sem í venjubundinni fantasíu er stillt upp sem hindrun fyrir hetjuna, er í þessari bók afbyggt og gert að leiðbeinanda Tenar.

Sá grundvöllur endurskoðunar sem einkennir birtingarmynd kvenpersóna í fantasíunni virðist vera meðal þess sem heldur áfram að blása lífi í áhuga mannsins á fantasíuheiminum. Í þessari endurskoðun býr möguleiki fyrir seinni tíma höfunda að kollvarpa eða þenja út hlutverk þessara persóna í gegnum endurskoðun á kyngervi þeirra. Í tilfelli Terry Pratchett er það einmitt sú hefð sem Tolkien mótaði er gerði honum kleift að endurskapa fantasíuheiminn eftir

---

<sup>22</sup> Katrin Berndt. „Hermione Granger, or, A Vindication of the Rights of Girl“, *Heroism in the Harry Potter Series*. Ritstjórar Katrin Berndt og Lena Steveker. Surrey: Ashgate Publishing Company, 2011, bls. 159.

<sup>23</sup> Ursula K. Le Guin. *Tehanu*. New York: Atheneum, 1993, bls. 18.

sínu eigin sniði, m.a. í gegnum þann óaðgreinanleika er Tolkien lagði á karla og konur af dvergakyninu. Að sama skapi sýnir Hermione Granger fram á þá breytingu sem hefur orðið í sköpun kvenpersóna í fantasíubókmenntum með því að taka tilfinninganæmi sinni opnum örmum fremur en að afneita henni. Viðtekið snið fantasíuheimsins hefur því verið í afbyggingu frá upphafi með umbreytingu á hlutverkum bæði karl- og kvenpersóna, hvort það séu hefðbundnari fantasíur eins og *Hringadróttinssaga* eða póstmódernísku fantasíur Terry Pratchett og Ursulu K. Le Guin.

## Frá modernisma í póstmódernisma

Póstmódernískar fantasíur, eins og *Krúnuleikarnir*, hafa sýnt fram á afbyggingu bæði í sagnamátanum og þeim persónum sem þar er varpað fram. Það form sem fantasían tileinkaði sér með innkomu modernisma á 20. öld var hins vegar samkvæmt Peter Hunt takmarkað af ákveðnum formúlum og endurteknum sagnamínum.<sup>24</sup> Þrátt fyrir að moderníska fantasían innihéldi aðferðir sem einkenndu modernísk skrif, eins og vitundaflæði eða sýndarfærslu, þá varð afneitun á hefðbundnum söguþræði ekki einkennandi fyrir fantasíuna á þeim tíma eins og hafði gerst með modernísku skáldsögunni.<sup>25</sup> Í riti sínu *Morphology of the Folktale* (1928) fjallar rússneski formalistinn Vladimir Propp um þá formgerð er einkennir ævintýri og byggist í grunninn á vissum atburðum sem eru endurteknir reglulega.<sup>26</sup> Þrátt fyrir að fjöldi þeirra sé mismunandi eftir hverju ævintýri fyrir sig þá er staðsetning þeirra samkvæmt Propp innan söguframvindunnar ófrávíkjanleg. Út frá þessari tilteknu byggingu staðsetti moderníska fantasían tvenndarkerfi, oft með andstæðupar góðs og ills í forgrunni, sem ferðalag að ákveðinni úrlausn og þar af leiðandi afhjúpun eða hugljómun.<sup>27</sup>

Í riti sínu *Hið Póstmóderníska ástand: skýrsla um þekkinguna* leggur Jean-François Lyotard fram túlkun sína á stöðu þekkingar í nútímasamfélagi sem hann telur einkennast af áhrifum póstmódernisma. Samkvæmt Lyotard byggist þekkingarmiðlun í nútímasamfélagi á því hver eða hvað stjórnir flæði hugmynda og enn fremur hverjir hafi aðgang að þessum hugmyndum. Í þessu skyni hefur þekking orðið að söluvöru í samtíma okkar sem markar þýðingarmikla

<sup>24</sup> Peter Hunt. „Introduction“, *Alternative Worlds in Fantasy Fiction*. Ristjórur Peter Hunt og Millicent Lenz. New York: Continuum, 2001, bls. 3.

<sup>25</sup> Jim Casey. „Modernism and Postmodernism“, *The Cambridge Companion to Fantasy Literature*. Ritstjórar Edward James og Farah Mendlesohn. Cambridge: Cambridge University Press, 2012, bls. 115.

<sup>26</sup> Propp bar kennsl á yfir þrjátíu atburði, sem dæmi má taka undirbúning hetjunnar, baráttu hennar og heimkomu.

Brian Attebery. „Structuralism“, *The Cambridge Companion to Fantasy Literature*. Ritstjórar Edward James og Farah Mendlesohn. Cambridge: Cambridge University, 2012, bls. 82.

<sup>27</sup> Sem dæmi má taka ferðafantasíuna sem fylgir mjög ákveðinni byggingu er grundvallast í formgerð Joseph Campbell á ferðalagi hetjunnar.

breytingu í skilning mannsins á þekkingu í upplýsingasamfélagi nútímans.<sup>28</sup> Þegar kemur að hlutverki frásagna byggist hver þeirra í þessu samhengi upp af vissum reglum og aðferðum, sem Lyotard kallar ‚leiðarfrásögn‘, eða frásagnir innan frásagna og gera lesandanum kleift að dæma um hvaða hugmyndir eru réttmætar fyrir hvert form frásagnar fyrir sig. Leiðarfrásögnin einkenndist í frásögnum mótmodernisma af algildum sannleika sem gæti útskýrt tilurð okkar og tilgang í heiminum og kallaði Lyotard þær ‚stórsögufrásagnir‘.<sup>29</sup> Í nútímasamfélagi hefur leiðarfrásögnin hins vegar orðið póstmótmodernismanum að bráð og einkennist nú af vantrú á algildi hennar. Þessi staðreynd þarf hins vegar ekki að vera neikvæð, heldur varpar ljósi á þá ringulreið sem einkennir tilveru mannsins.<sup>30</sup> Kenningar Lyotard um hlutverk póstmótmodernisma í nútímabókmenntum afneita því ekki tengingunni á milli orðræðunnar og raunveruleikans eins og einkennir margar póstmótmodernískar túlkanir, heldur varpar ljósi á það hvernig veruleiki mannsins er oftast en ekki byggður í kringum ákveðna formgerð.

Sú sundurleitni er einkennir leiðarfrásögnina hefur fengið mismunandi heiti sökum mikilvægis síns í póstmótmodernísku orðræðunni, m.a. afbygging. Hugtakið afbygging á rætur sínar að rekja til heimspekingsins Jacques Derrida, sem notaði hugtakið til þess að sýna á það ósamræmi er býr í textum með því að afbyggja þær andstæður sem notaðar eru til að festa niður merkingu í texta. Með þeirri afbyggingu er hefur átt sér stað í leiðarfrásögninni hefur mikilvægi þess að einblína á fjölbreytileika mannlegrar upplifunar því orðið einkennandi fyrir frásagnarmáta póstmótmodernísku skáldsögunnar. Í þessu samhengi er sú frásagnartækni er George R.R. Martin notfærir sér í *Krúnuleikunum* byggð á endurvinnslu á þessum leiðarfrásögnum. Eins og ég hef nefnt einkennist frásagnarmátinn af samblandi á bæði fyrstu og þriðju persónu sjónarhorni og dregur þannig fram persónulegt álit hvers sögumanns fyrir sig á samfélagi Westeros. Í gegnum þessa frásagnartækni er lesandinn því kynntur fyrir ályktunum þeirra persóna sem fara með hlutverk sögumanns hverju sinni. Í stað þess að hafa einn alvitran sögumann eins og einkennti mótmodernísku fantasíuna færast sú sundurleitni sem einkennir frásagnarmáta póstmótmodernísku fantasíunnar einnig yfir á fjölda sögumanna og ályktanir þeirra.

Sá greinarmunur er hefur verið gerður á annars vegar mótmodernisma og hins vegar póstmótmodernisma er ávallt í endurnýjun og hefur sýnt sig að skilin þar á milli eru ekki eins skýr

---

<sup>28</sup> Jean-François Lyotard. „Rannsóknarsviðið afmarkað: Þekking í upplýsingasamfélögum“, *Hið Póstmótmoderníska ástand: skýrsla um þekkinguna*. Ísl. þýðing: Guðrún Jóhannsdóttir. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 30.

<sup>29</sup> Jean-François Lyotard. „Inngangur“, *Hið Póstmótmoderníska ástand: skýrsla um þekkinguna*. Ísl. þýðing: Guðrún Jóhannsdóttir. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 23.

<sup>30</sup> Sama rit, bls. 50-51.

og ætla mætti. Það er í eðli fantasíunnar að storka viðteknum stöðlum, sama hvaða fræðilegu kenningu hún heyrir til. Það sem gerir póstmódernísku fantasíuna frábrugðna hinni móðernísku virðist vera viðhorf hennar til úrlausnar á þeim þrautum er lagðar eru fyrir persónur hennar. Þrátt fyrir að persónur hinnar móðernísku séu samkvæmt Propp eins konar farartæki að lausn verksins hafa þær frá sköpun *Hringadróttinssögu*, grundvöllur fantasíubókmennta á 20. og 21. öldinni, ávallt verið í endurmótun. Móðerníska fantasían hóf þannig afbygginguna á hinni viðteknu hetju en með póstmóðernismanum varð ferðalagið sjálft, sem og hetjan og aðrar persónur innan frásagnarinnar, tekið til endurskoðunar. Sú leit að endanlegu svari sem einkenndi móðernísku fantasíuna er í *Krúnuleikunum* kollvarpað í gegnum frásagnamáta sem byggist á leiðarfrásögnum margra persóna. Álit hverrar persónu fyrir sig á samfélagi sínu skapar þannig mjög sundraða ímynd á virkni samfélagsins. Sú tortryggni sem persónur séríunnar lifa við elur á óendanleika söguþráðarins, þar sem mistök þeirra persóna er gegna valdastöðu í samfélaginu eru ávallt að endurtaka sig.

## Kyngervi sem samfélagslegt hlutverk

Það hefur verið í eðli femínisma frá upphafi fræðinnar að storka viðteknum stöðlum, rétt eins og hefur einkennt fantasíuna sem grein, og hefur fræðin því ávallt gefið sig út frá öfgakennd póstmóðernisma.<sup>31</sup> Sem fræðigrein hefur femínismi verið túlkaður á fjölbreyttan máta í gegnum sögu hans og deilir í grunninn þremur kenningum: að kyngervi sé samfélagsleg smíði sem undirokar konur í meira mæli en karlmenn, að feðraveldið móti þessar hugmyndir okkar á kyngervi og að þessi þekking sé grunnurinn að þeirri breytingu sem femínisminn vill koma á.<sup>32</sup> Árið 1929 gaf Joan Riviere út grein sem hún kallaði ‚Womanliness as a Masquerade‘ og greindi þar kvenlega sjálfsmynd sem leikið hlutverk er hefur það markmið að fela karlleg einkenni í þeim tilgangi að stíga ekki inn á svið karlmannna.<sup>33</sup> Kenningar Judith Butler mættu segja að væru áframhald af kenningum Riviere, sem einkennist af notkun á póstmóðernisma til að útskýra kyngervi sem hegðun er mótast í gegnum endurtekningu á vissum athöfnum.<sup>34</sup> Sú viðtekna birtingarmynd sem manneskjan leggur á kyngervi myndast í gegnum þær reglur er samfélagið hefur mótað og er því staðsett innan orðræðu þess. Áhrif þess sem gæti kallast ‚sannt‘ kyngervi, þ.e. sú ímynd sem samfélagið hefur skapað því, heldur aðeins gildi sínu með

<sup>31</sup> Patricia Waugh. ‚Postmodernism and Feminism‘, *Contemporary Feminist Theories*. Ritstjórar Stevi Jackson og Jackie Jones. Edinburgh: Edinburgh University Press, 1998, bls. 179.

<sup>32</sup> Maggie Humm. ‚Feminist Literary Theory‘, *Contemporary Feminist Theories*. Ritstjórar Stevi Jackson og Jackie Jones. Edinburgh: Edinburgh University Press, 1998, bls. 194.

<sup>33</sup> Joan Riviere. ‚Womanliness as a Masquerade‘, *Formations of Fantasy*. Ritstjórar Victor Burgin, James Donald og Cora Kaplan. London: Methuen, 1986, bls. 38.

<sup>34</sup> Judith Butler. *Gender Trouble*. London, Routledge, 2006, bls. xv.



samkomulagi samfélagsins í heild á endurtekningu þess.<sup>35</sup> Með endurtekningu á þeim athöfnum er skilgreina kyngervi í samfélaginu þá lítur Butler svo á að möguleiki sé til staðar að koma auga á yfirborðskennt eðli þess.

Samkvæmt kenningum Lyotard liggur í frásögnum sú sýn er höfundar þeirra hafa á tilveru sinni og er það í gegnum þessar mismunandi túlkanir sem við byggjum sjálfsmynd okkar. Skilningur okkar á heiminum byggist að hans mati á þeim leiðarfrásögnum er við notum til þess að útskýra upplifanir okkar á heiminum. Eins og ég nefndi hérna fyrir ofan hefur orðið þýðingarmikil breyting á leiðarfrásögninni samkvæmt Lyotard og hefur sundurleitni formgerðarinnar tekið við þeirri ímynd heildar sem einkenndi módernismann. Samfara þeirri sundrun er hefur átt sér stað í leiðarfrásögninni hefur hlutverk kvenpersóna í fantasíubókmenntum einnig gengist undir ákveðna endurskoðun. Í miðaldasamfélagi Westeros í *Krúnuleikunum* eru hefðbundin kynhlutverk ráðandi og eru iðkuð í gegnum endurtekningu á því kyngervi sem ríkjandi er. Þrátt fyrir viðtekið kyngervi samfélagsins eru hins vegar þónokkrar persónur sem ná að brjótast gegn því og endurskapa stöðu sína í samfélaginu. Með áherslunni á lærða eiginleika kyngervis sem mótað er af hverri samfélagsskipan fyrir sig hefur skapast möguleiki á því í fantasíubókmenntum að fletta ofan af og grafa undan þessum fyrirfram ákveðnu hlutverkum í gegnum form frásagnarinnar. Með þeim misvísandi ályktunum er bæði sögumenn og aðrar persónur tileinka sér gagnvart þeim aðilum er verða á vegi þeirra í *Krúnuleikunum* skapast grundvöllur fyrir þá sundurlausn sem einkennir sjálfsmynd persónanna.

## Heimurinn byggður og afbyggður

Þrátt fyrir að áherslan í umfjöllun minni sé á kyngervi í fantasíuheimi *Krúnuleikana* tel ég mikilvægt að leggja áherslu á í hversu miklum mæli afbygging er greipt í hvern krók og kima þessa heim. Áður en ég mun fara í umfjöllun mína á stöðu kynhlutverka í Westeros vil ég því skýra frá þeirri afbyggingu er á sér stað í sagnamátanum og tengslum þess við landafræði heimsins. Snemma í *Krúnuleikunum* er lesandinn kynntur fyrir Veggnum, einu af undrum Westeros sem samkvæmt þjóðsögnum var byggður fyrir meira en átta þúsund árum. Vegna staðsetningar sinnar norðanlega í Westeros er Veggurinn aðallega byggður úr ís og segja sögusagnir að yfirnáttúruleg öfl hafi verið beitt í byggingu hans, þar sem hann rís meira en

---

<sup>35</sup> Judith Butler. *Gender Trouble*. London, Routledge, 2006, bls. 179.

200 metra frá jörðu.<sup>36</sup> Orðspor Veggjarins og mikilvægi hans hefur hins vegar farið hnignandi á síðustu áratugum sökum dvínandi trúar á þær verur sem gætu mögulega dvalið handan hans og hefur orðið eins konar hegningarbúðir fyrir lögbrjóta Westeros. Þeir menn er halda vörð um Vegginn, kallaðir menn Næturvarðanna, eru því flestir annaðhvort smábófar eða þorparar af einhverju tagi.<sup>37</sup> Þessir menn þurfa að rjúfa algjörlega öll tengsl við sitt fyrra líf, þar á meðal rétt sinn til þess að erfa landsvæði eða eiga fjölskyldur. Þrátt fyrir vafasemi fyrrum gjörða þessara manna byggjast þær siðareglur sem þeir lifa eftir á Veggnum á sameiningarkrafti fjöldans í gegnum traust og vináttu þeirra.

Sem höfuðborg Westeros eru Konungsvellir miðpunktur stjórnsýslu og enn fremur dvalarstaður konungsins og hirðar hans. Hásæti konungsins er því staðsett í þessari borg sem kallast járnhásætið og er byggt upp af sverðum fallinna andstæðinga fyrri konunga. Ríkulegt yfirbragð yfirstéttarinnar er hins vegar í algjörri andstæðu við spillt siðferði þeirra og snúa áform þeirra ávallt að því að tryggja sína eigin stöðu innan valdabaráttunnar. Sá vægðarlausí veruleiki sem dreginn er upp í Konungsvöllum sýnir því persónur sem eru færar um hvers kyns hrottaverk í þeim tilgangi að fá sínum markmiðum framgengt. Sú upphafna ímynd réttlætis og heiðurs sem hirðin stendur fyrir í augum hins almenna borgara er hér kollvarpað og flett er ofan af þeirri spillingu er býr undir yfirborðinu. Handan with Mjóahafið dvelur þjóðflokkur er kallar sig Dothraki og er algjör andstæða við þá menningu er viðhefst í Westeros. Ólíkt hinni ‚siðmenntuðu‘ hliðstæðu sinni hefur þessi ættbálkur haldið í bæði hjátrú og enn fremur trúna á mátt galdra. Áhugavert er að þessi ættbálkur á sér aðeins eina borg, höfuðborgina Vaes Dothrak, sökum þess að flokkurinn er á stöðugu ferðalagi um sléttur landsvæðisins. Sú valdasamsetning sem einkennir Dothraka byggist á bardagagetu þeirra og lifa því aðeins þeir sterkustu af. Drogo, leiðtogi hópsins, er til dæmis vægðarlaus þegar kemur að andstæðingum sínum sem hefur gert honum kleift að halda velli lengur en fyrri stríðsherrar. Þessi hæfileikaríki bardagamaður á margt sameiginlegt með þeirri erkitýpu er mótaðist í sverð og særinga fantasíugreininni, bæði hvað varðar líkamsbyggingu og eiginleika sinn til að hunsa almennt siðferði í þeim tilgangi að fá sínu framgengt.

Þessar mótsagnir sem einkenna þá menningarheima Westeros er ég hef fjallað um sýna fram á þá afbyggingu er hefur átt sér stað í leiðarfrásögninni. Í gegnum endurhugsun á siðferðislegri vídd fantasíuheimsins hefur George R.R. Martin kollvarpað fyrirfram ákveðnum stöðlum sem

---

<sup>36</sup> Tilgangur þessa mannvirkis er að vernda Westeros frá bæði villimönnum og öllum þeim yfirnáttúrulegu verum sem gætu dvalið handan hans.

<sup>37</sup> Það sem virðingsvert er við Næturverðina er að meðlimir þess byrja allir með hreinan skjöld, sama hverjir fyrri glæpir þeirra gætu hafa verið.

settir hafa verið yfir ákveðnar stéttir og kynþætti í okkar eigin raunveruleika og heimfært þá í heim fantasíunnar. Þrátt fyrir þá glæpi er menn Næturvarðanna hafa framið þá býr í þeim siðferðiskennd sem er í algjörri mótsögn við þær væntingar sem lesandinn hefur sökum fortíðar þeirra. Bræðralagi Næturvarðanna er þannig stillt upp sem mótsögn við það svikula og siðferðislega spillta hugarfar er einkennir þá sem sitja á valdasessi í höfuðborginni Konungsvellir. Í gegnum valdtöku sína sem byggðist að miklu leyti á svikum hefur konungurinn Robert Baratheon stjórnað landinu með háfluktum augum á meðan spillingin hefur breytt úr sér í stjórnsýslunni. Það siðferði sem einkennir Konungsvelli á því meira sameiginlegt með þeirri hugmyndafræði er Dothraki þjóðflokkurinn lifir eftir. Í báðum þessum menningarheimum getur verið lífshættulegt að sýnast veikburða svo að vafasamar aðferðir til stjórnunar eru nauðsynlegar. Munurinn á hugmyndafræði þessara tveggja heima liggur hins vegar í þeim máta sem hún er iðkuð. Dothraki-ættbálkurinn er mjög opinskár með áherslu sína á styrk, á meðan valdastéttin í Konungsvöllum iðkar valdabaráttu sína á bakvið luktur dyr.

## **Staða kynjanna í heimi Westeros**

Sú afbygging sem á sér stað í Westeros á ekki aðeins við samsetningu heimsins heldur einnig við sjálft kyngervi samfélagsins. Sú samfélagsskipan er einkennir Westeros byggist á yfirráðum karlmanna þar sem valdastaða þeirra gengur í erfðir til elsta sonar hvers lénsherra. Hver fjölskylda tryggir stöðu sína innan valdabyggingarinnar með giftingu barna sinna og eru dætur hvers lénsherra mikilvægar sem leið til að styrkja þessi sambönd. Krafist er því af þessum stúlkum að tileinka sér bæði lifnaðarhætti og kjörorð þeirrar fjölskyldu sem hún giftist inn í. Eina leiðin fyrir þessar hefðadömur að komast í valdastöðu er í gegnum hjónaband, þrátt fyrir að það sé algjörlega undir eiginmanni hennar komið hversu vítt valdasvið hennar mun vera. Undir miðaldarlegu yfirborði samfélagsins býr hins vegar flókin heimur þar sem óáreiðanleiki hefðbundins kyngervis er ríkjandi. Í heimi Westeros eru bæði konur og karlar undirokuð af valdaskipan samfélagsins og á þessi staðhæfing sérstaklega við um persónur sem samræmast ekki hefðbundnu kyngervi þess.

Vegna áherslu samfélagsins á erfðaraðir eiga þau börn er fædd eru utan hjónabands sér lágsetta stöðu í skipan þess. Í samfélagi Westeros er vændi bæði löglegt og mjög algengt og þykir ekki óvenjulegt að lénsherrar leggist með vændiskonum. Lausaleiksbörn eða „bastarðar“ eins og þau eru kölluð í verkinu eru því staðsett ásamt vændiskonum í lægstu stigum samfélagsins og eiga því ekki rétt á erfa neitt eftir föður sinn. Ólíkt flestum lausaleiksbörnum

er getin eru af léns herrum er Jon Snow, sonur Eddard Stark í norðrinu, alinn upp meðal föðurfjölskyldu sinnar í Vetrafelli. Þrátt fyrir að vera elsti sonur Eddard hefur Jon hins vegar ekki rétt til þess að erfa föður sinn eftir dauða hans. Staður Jon innan fjölskyldunnar er gerð bersýnileg þegar Robert konungur og hirð hans heimsækja Vetrafell, þar sem að Jon er ekki leyft að sitja með fjölskyldu sinni, heldur er honum skylt að sitja meðal alþýðunnar.<sup>38</sup> Það sem virðist bjarga Jon á vissan hátt er að hann lifir ekki í afneitun um hvar hann stendur innan samfélagsskipunarinnar þar sem hann veit fyrir víst að systkini hans munu skara fram úr í framtíðinni á meðan möguleikar hans eru mjög skertir. Til þess að eiga tækifæri á að vinna sig upp í einhvers konar stigskiptu kerfi ákveður Jon að gerast meðlimur Nætúrvarðanna þar sem að allir þeir er sýna afburðarhæfileika hafa möguleikann á að vinna sig upp.<sup>39</sup>

Í tilfelli Tyrion, bróðir drottningarinnar Cersei og enn fremur meðlimur hinnar valdamiklu Lannister-fjölskyldu, er það sú staðreynd að hann fæddist dvergur sem er hans helsti veikleiki. Vegna hæðar sinnar hefur Tyrion verið fórnarlamb háðs innan fjölskyldu sinnar sem og utan hennar, oftast nær kallaður *imp*, eða púkinn í íslenskri þýðingu, í niðrandi tóni. Rétt eins og Jon þá hefur Tyrion hins vegar mjög raunsæja sýn á bæði jákvæða og neikvæða eiginleika sína. Þar sem hann mun aldrei hafa getuna til þess að verða mikill stríðskappi leggur Tyrion þannig áherslu á að rækta þá hæfileika sem að geta gert honum kleift að skara fram úr, og er það í hans tilviki að byggja upp þekkingu sína.<sup>40</sup> Í staðinn fyrir að láta þær niðurlægingar er beint eru gegn honum hafa áhrif á sig snýr Tyrion þeim við og notar þær til þess að gera grín að sjálfum sér og tekur þannig kraftinn úr niðurlægingunni.<sup>41</sup> Því eins og Tyrion segir við Jon þá mun heimurinn ekki gleyma hvað þeir eru og því eigi hann eins og Tyrion að breyta þeim niðrunarorðum er beint er gegn honum í brynju sem ekki er hægt að brjóta í gegnum.<sup>42</sup>

Í samfélagi Westeros eru bæði þeir aðilar sem teljast til yfirstéttarinnar og þeir sem tilheyra lægri stéttum samfélagsins bundnir af valdabyggingu þess. Sökum mikilvægis hefðbundinna gilda í þessu samfélagi hafa kynhlutverkin því lítið breyst í gegnum sögu þess. Það mótlæti sem bæði kven- og karlkyns persónur verksins verða fyrir tel ég spila mikilvægt hlutverk í að draga fram það bil sem liggur milli blekkingar samfélagsins og raunverulegrar stöðu persónanna. Þrátt fyrir að bæði kynin geti verið undirokuð af fyrirfram ákveðnum hlutverkum

<sup>38</sup> George R.R. Martin. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Ugly, 2012, bls. 59.

<sup>39</sup> Í fjórðu bók seríunnar hefur Jon náð að vinna sig upp í stöðu yfirstjórnanda Nætúrvarðanna og er hann á sama tíma yngsti karlmaðurinn er hefur hlotnast þennan titill í sögu Veggjarins.

<sup>40</sup> Sama rit, bls. 134-5.

<sup>41</sup> Það er einmitt þessi ráðlegging sem Tyrion leggur til að Jon tileinki sér, þar sem að hann er í sömu sporum hvað varðar þá neikvæðu merkingu sem fylgir orðinu bastardur.

<sup>42</sup> Sama rit, bls. 67.

sínum þá geta þau á sama tíma endurskapað þau með vitneskju sinni af óhagganlegri byggingu samfélagsins. Áhersla Judith Butler á þann möguleika að koma auga á yfirborðskennt eðli viðtekinna kynhlutverka í gegnum endurtekningu þeirra tel ég því réttilega hægt að færa yfir á samfélag Westeros. Hvorki Jon Snow né Tyrion Lannister lifa í afneitun varðandi stöðu sína innan samfélagsskipaninnar eins og augljóst verður með frásagnamátanum. Með áherslunni á persónulega upplifun sögumanna fær lesandinn skýra sýn á ósveigjanlega skipan samfélagsins. Enn fremur leiðir frásagnarmátinn til þess að sögumennirnir geti lagt fram sitt persónulega mat á þeim kynhlutverkum sem þar er varpað fram.

### **Cersei Lannister- illa drottningin afbyggð**

Sem samfélag er byggist á lénskipulagi fylgja því viss forréttindi að fæðast inn í ættgöfuga fjölskyldu í Westeros. Þrátt fyrir þá miklu afbyggingu sem á sér stað í skipan samfélagsins er hollusta gagnvart fjölskyldunni mjög miðlæg, því með því að vernda ímynd fjölskyldunnar eru meðlimir hennar á sama tíma að vernda sitt eigið tilkall til réttinda hennar og áhrifa. Sem auðugasta og enn fremur ein af valdamestu fjölskyldum í ríki Westeros er Lannister fjölskyldan mjög áhrifamikil hvað varðar stjórnarsýslu í landinu. Höfuð fjölskyldunnar, Tywin Lannister, hefur hægt og bítandi náð að tryggja valdastöðu fjölskyldu sinnar í gegnum vægðarlausu stjórnunarhæfileika sína. Tywin skilur mikilvægi þess að skapa sambönd við þá aðila er geta á einhvern hátt verið gagnlegir fyrir málstað fjölskyldunnar og á sama tíma veit hann hvenær best er að hverfa frá samböndum er gagnast honum ekki lengur. Tywin hegðar sér því algjörlega út frá sinni eigin sannfæringu og hefur með því náð að koma meðlimum fjölskyldu sinnar í lykilstöður innan valdaskipunarinnar.<sup>43</sup> Það mikilvægasta í huga þessa lénsheerra er því fyrst og fremst að halda uppi virðingu ættarinnar, sem hann telur bera af öðrum fjölskyldum innan samfélagsins.

Eins og ég hef nefnt þá byggist viðtekið hlutverk hefðarkvenna í samfélagi Westeros að hlíta til fyrimæla þeirra karlmannna sem eru við stjórnvölinn. Þegar kemur að Cersei Lannister, drottningu konungsins Robert Baratheon og enn fremur dóttir Tywin Lannister, eru völd hennar vissulega töluverð miðað við aðrar hefðardömur innan samfélagsins. Hlutskipti hennar hafa hins vegar ávallt snúist að því að vera handbendi þeirra karlmannna sem gegna einhvers konar valdastöðu, þar fremst faðir hennar Tywin. Sökum þess hefur Cersei í gegnum ævi sína

---

<sup>43</sup> Ekki nóg með að dóttir Tywin sé drottning yfir Westeros og sonur hans Jamie sé einn af lífvörðum konungsins, þá eru bæði frændur hans og önnur skyldmenn einnig í mikilvægum störfum innan höfuðborgarinnar.

reynt af fremsta megni að vinna gegn því sem henni finnst vera sín helsta takmörkun; að vera fædd sem kona. Í tilfelli Cersei hefur það ýtt henni út í að afneita algjörlega hefðbundum siðalögmálum og þeim reglum er samfélagið hefur tileinkað konum. Sú harða lífsbarátta er einkennir lægri stéttir samfélagsins verður hjá yfirstéttum þess einnig spurning um líf og dauða þegar kemur að baráttunni um krúnuna, eins og Cersei tekur fram sjálf: „Þú vinnur eða deyrð, það er enginn millivegur“.<sup>44</sup> Þau völd sem karlmenn iðka í þessu samfélagi skilja eftir lítið pláss fyrir konur og hefur í tilfelli Cersei leitt til þess að hún hefur tileinkað sér vafasamar aðferðir til þess að fá sínu framgengt.

Þrá Cersei að tileinka sér karllega eiginleika má rekja allt til barnæsku hennar. Þrátt fyrir að hún og tvíburabróðir hennar, Jamie Lannister, væru nánast eins bæði í útliti og skapgerð þá voru það ávallt örlög hans að erfa stöðu föður þeirra á meðan hennar voru að vera gift í burtu til annars valdamikils lénsheerra. Í hennar tilfelli var það sjálfur konungurinn, Robert Baratheon, sem hún var heitbundin og vakti það mikla kátínu hjá henni á sínum tíma. Ánægja hennar hvarf hins vegar samstundis á brúðkaupsnóttu þeirra þegar Robert kom til hennar lyktandi af víni og hvíslandi nafn annarrar konu í eyra hennar.<sup>45</sup> Með árunum hefur niðurlægingin er Cersei upplifði þróast í blindandi hatur gagnvart eiginmanni sínum og notar hún vald sitt sem vettvang fyrir hefnigirni sína. Með því að eiga í ástarsambandi við bróður sinn Jamie nær Cersei að koma því til leiðar að börn þeirra, fædd af sífjaspelli, eru talin vera erfingjar krúnunnar. Að erfingjar krúnunnar séu börn sem fædd eru í gegnum ástarsamband hennar við tvíburabróðir sinn bendir til spegilmyndar af henni sjálfri er endurspeglast í þeim, sem virðist í fyrstu vera sláandi framsetning á valdi hennar. Áform Cersei að stjórna ríkinu í gegnum son sinn bregðast henni hins vegar þegar valdagræðgi Joffrey stígur honum til höfuðs og ráðleggingar hennar verða það síðasta sem hann hlustar á.

Sem elsti sonur og erfingi Tywin er Jamie Lannister ímynd hins djarfa riddara sökum bardagahæfileika sinna og útlits, og var það ávallt ætlun Tywin að móta Jamie svo að hann gæti einn daginn orðið konungur yfir Westeros.<sup>46</sup> Rétt eins og gildir fyrir margt í samfélagi Westeros þá er þessi fullkomna ímynd hans aðeins á yfirborðinu og undir henni á sér stað afbygging á hinni viðteknu ímynd riddarans í gegnum áherslu hans á sína eigin hagsmuni. Sökum ástarsambands síns við tvíburasystur sína ákveður Jamie að gerast lífvörður

---

<sup>44</sup> George R.R. Martin. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Ugly, 2012, bls. 517.

<sup>45</sup> Sama rit, bls. 515.

<sup>46</sup> Þegar Jon Snow sér Jamie Lannister í fyrsta skiptið tekur hann fram hversu glæsilegur Jamie sé og enn fremur að hann sé hin fullkomna ímynd konungs í samanburði við konunginn Robert Baratheon. Sama rit, bls. 61.

konungsins þegar Cersei hefur verið krýnd drottning í þeim tilgangi að geta verið í návist hennar öllum stundum. Sem lífvörður konungsins afsalar hann sér rétti sínum til að erfa föður sinn og að stofna sína eigin fjölskyldu. Með þessari ákvörðun storkar Jamie fyrirframákveðnum hugmyndum föður síns um hvernig líf Jamie skuli vera hagað með því að fórna erfðarétti sínum fyrir Cersei.<sup>47</sup> Ólíkt Jamie, þá hefur Cersei frá unga aldri leitast eftir samþykki frá föður sínum. Þegar hún hefur verið krýnd drottning sér hún loksins tækifæri til þess að sanna hvað í henni býr hvað varðar stjórnunarhæfileika sína, sem hún telur ekki vera síðri en föður síns.<sup>48</sup> Í fyrstu einblínir hún hins vegar aðeins á að vernda leyndarmálið um ástarsamband hennar og Jamie, fyrst og fremst vegna barna sinna, sem eru í mikilli hættu sökum þess að þau voru ekki getin af konunginum sjálfum. Þegar hún hefur tryggt stöðu barna sinna með því að ryðja þeim aðilum úr vegi sem hún telur stafa einhver hætta af byrjar hún að einbeita sér að því að tryggja sína eigin valdastöðu innan yfirstéttarinnar. Tilraunir hennar til þess að hrifsa til sín völd fara ekki eins og hún hafði séð fyrir og leiðir til þess að gjörðir hennar eru mistúlkaðar og er henni enn fremur afneituð sú valdastaða sem hún þráði svo innilega að tileinka sér.

## Áhrif frásagnarmátans á ímynd Cersei

Það sjónarhorn sem George R.R. Martin setur fram í *Krúnuleikunum* er eins og ég hef nefnt frábrugðið hefðbundnu sjónarhorni módernísku fantasíunnar. Með þeim fjölmörgu sögumönnum sem fara með frásögnina hverju sinni skapast mjög sundurleit ímynd á bæði persónum og atburðum söguþráðarins og verður að ég tel mikilvægur þáttur í umfjöllun minni á drottningunni Cersei. Í fyrstu þremur bókum *Krúnuleika* heyrir lesandinn aðeins af drottningunni í gegnum aðra sögumenn er hafa annaðhvort kynnst henni persónulega eða heyrt sögusagnir af henni. Það sem þeir geta allir verið sammála um er fegurð hennar, en eins og Jon Snow tekur fram í fyrstu bók seríunnar þá virðist margt búa á bakvið íðilfagurt útlit hennar.<sup>49</sup> Leið hennar upp valdastigann er hins vegar umdeilanleg sökum þeirra aðferða er hún notfærir sér til að fá sínu framgengt. Þegar hægri hönd konungsins, Jon Arryn, kemst að því að börn Cersei séu ekki erfingjar Robert konungs er gefið í skyn að hún hafi eitrad fyrir honum. Til þess að koma eiginmanni sínum úr valdasæti sínu notfærir Cersei sér helsta

---

<sup>47</sup> Þegar stríð brýst út á milli Lannister, Stark og Baratheon fjölskyldanna tekur Tywin fram að nú sé loksins tími fyrir Jamie til þess að verða sá maður er hann var fæddur til að vera.

<sup>48</sup> Eftir dauða Tywin í fjórðu bók seríunnar, þegar hún hefur rutt flestum þeim sem héldu á einhvern hátt aftur af henni úr vegi, tekur Cersei fram að hún sé sonurinn sem faðir hennar átti aldrei.

George R.R. Martin. *Game of Thrones: A Feast for Crows*. London: Harper Voyager, 2011, bls. 56.

<sup>49</sup> George R.R. Martin. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Ugly, 2012, bls. 60.

veikleika hans, ást hans á víni. Það kæruleysi sem Robert upplifir undir vímu áfengis leiðir til þess að hann lendir í slysi á meðan hann er á veiðum sem endar með dauða hans. Seinna, þegar Eddard Stark hefur uppljóstrað þessum glæpum hennar, nær hún að handsama hann og enn fremur brennimerkja hann sem föðurlandssvikara. Siðblindi sonur hennar Joffrey, erfingi krúnunnar, er krýndur konungur í kjölfar þessara atburða og er fyrsta gjörð hans sem konungur að afhöfða svikarann Eddard Stark. Þessar fyrirlitlegu aðferðir Cersei leiða til þess að bæði yfirstéttin og almúginn mynda sér afmyndaða sýn á hvers konar manneskja hún er.

Þær sögusagnir sem ganga um í samfélaginu varðandi gjörðir Cersei spretta því bæði frá aðilum er þekkja drottninguna persónulega og frá þeim sem hafa aðeins heyrt sögusagnir af henni. Í tilviki eiginkonu Eddard Stark, Catelyn, hefur hún ekki hitt drottninguna í byrjun fyrstu bókarinnar en hefur hins vegar heyrt sögur af stolti Cersei og byggir þannig álit sitt á henni út frá óáreiðanlegum heimildum.<sup>50</sup> Í tilfelli Tyrion Lannister telur hann sig vita hvers konar manneskja Cersei er og nefnir hann m.a. við Catelyn hversu mikið Cersei girnist vald með hverjum andardrætti sem hún dregur.<sup>51</sup> Samkvæmt þessum staðhæfingum eru þessir tveir eiginleikar, stolt og valdagræðgi, eignaðir Cersei og eru mótaðir af ólíkum heimildum. Fyrir Catelyn er það aðeins út frá sögusögnum sem hún mótar þessa ímynd sína á drottningunni og sökum þess að þessi staðhæfing kemur fram í kafla sem er út frá sjónarhorni Eddard eiginmanns hennar skapast ennþá meiri fjarlægð frá því sannleiksgildi er gæti búið í þessum staðhæfingum. Á sama hátt kemst lesandinn að því í þriðju bók seríunnar að það var í reynd ekki Cersei sem að eitraði fyrir Jon Arryn, fyrrum aðstoðarmanni Robert konungs, og var það á sama hátt getgáta þriðja aðila sem leiddi til þessarar ályktunar. Þegar kemur að Tyrion Lannister þá mætti ekki segja að hann og Cersei eigi í mjög persónulegu sambandi þrátt fyrir að vera systkini, þar sem að þau ólust ekki upp í sama húshaldi og hafa lítið umgengist hvort annað á fullorðinsárum sínum. Þær staðhæfingar sem snúa að ætlunum hennar og gjörðum í fyrstu þremur bókunum eru því óáreiðanlegar sökum fjarlægðar sögumanna gagnvart drottningunni.

Það er ekki fyrr en í fjórðu bók seríunnar, kölluð *A Feast for Crows*, sem að lesandinn fær fyrstu persónu sjónarhorn frá Cersei sjálfri. Í fyrsta kaflanum sem sýnir fram á sjónarhorn Cersei er sagt frá mjög táknrænum draumi hennar þar sem hún situr í járnhásætinu og gnæfir

---

<sup>50</sup> Í gegnum sjónarhorn Eddard Stark talar Catelyn um að hún hafi heyrt að stolt Cersei vaxi með hverju ári sem líður.

George R.R. Martin. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Ugly, 2012, bls. 36.

<sup>51</sup> Sama rit, bls. 337.



yfir öllum hefðardómum og léns herrum ríkisins.<sup>52</sup> Það er ekki fyrr en að þau byrja öll að hlæja að henni að hún áttar sig á því að hún situr þar nakin. Sverð hásetisins byrja að skerast í hana þar til líkami hennar er þakinn blóði. Það sem er mikilvægt í þessu samhengi er að goðsögn umlykur hásetið og snýst um það að þeir konungar og leiðtogar sem verða fyrir því að skera sig á þennan máta eru taldir eiga stutta og enn fremur slæma stjórnartíð. Áhyggjur Cersei að standa ekki undir væntingum þeirra sem eru í valdastöðu Westeros eru herna sýnileg og er mjög ólíkt því sjálfsöryggi og stolti sem henni er eignað í fyrri bókum. Sú berskjöldun sem Cersei upplifir í draumi sínum hverfur hins vegar samstundis þegar hún fréttir að faðir hennar hafi verið myrtur. Sökum mikilvægis Tywin innan stjórnsýslunnar sér Cersei loksins fullkomið tækifæri fyrir sig til þess að taka við hlutverki hans.<sup>53</sup> Eftir dauða Tywin veit Cersei að hún þarf að tryggja stöðu sína fljótt svo að henni muni ekki vera ýtt til hliðar sökum þeirrar spillingar sem einkennir stjórnsýsluna. Þrátt fyrir að hún sé drottning yfir Westeros þýðir það því á engan hátt að hún sé örugg þegar kemur að stöðu hennar innan valdaskipunarinnar. Cersei trúir því samt statt og stöðugt að hún sé sonurinn sem faðir hennar átti aldrei, sökum þess að Jamie afneitaði erfðarétti sínum og þar með tækifæri sínu til þess að færa sig upp valdastigann. Sama hversu mikið Cersei reynir að þvinga sér í þetta hlutverk því minna verður það traust er aðilar innan stjórnsýslunnar bera til hennar. Þetta minnkandi traust til stjórnunarháfileika hennar byrjar að láta á sér kræla þegar Cersei uppgötvar að hún hafi verið síðust til að fréttu af morði föður síns sem leiðir til vaxandi óöryggis og grunsemda hennar gagnvart þeim aðilum sem eru henni næstir.<sup>54</sup> Til þess að sporna gegn þessu fyrrgreinda óöryggi sínu sér Cersei enga aðra leið heldur en að halda áfram að feta í fótspor þeirra sem spila í leiknum um krúnuna, sem þýðir að fá sínu framgengt í gegnum lygar og pretti. Þessi áform hennar að stjórna krúnunni á bakvið luktur dyr enda hins vegar með því að þær lygar sem hún hefur dreift eru ekki eins vandlega faldar og Cersei vildi trúna og fljótt kemst upp um ráðagerðir hennar. Þegar það hefur gerst er farið með hana eins og hvern annan þræl, þ.e. hún er lokuð inni í turni og er henni ekkert sagt um hvenær hún muni losna út á ný.

Sú sýn sem Cersei hefur á lífi sínu í Konungsvöllum einkennist af endalausri valdabaráttu og samkeppni. Eins og ég hef nefnt snúast ákvarðanir Cersei í fyrstu um það að vernda fjölskyldu sína en þegar staða hennar hefur verið tryggð þá verða draumar hennar um að sýna fram á stjórnunarháfileika sína í fyrirrúmi. Tilraun hennar til þess að færa sig yfir á svið karlmannna, þ.e. með því að taka þátt í því svikula siðferði sem einkennir stjórnsýsluna, leiðir hins vegar

---

<sup>52</sup> George R.R. Martin. *Game of Thrones: A Feast for Crows*. London: Harper Voyager, 2011, bls. 43.

<sup>53</sup> Sama rit, bls. 46.

<sup>54</sup> Sama rit, bls. 109-110.

aðeins til útskúfunar hennar. Kenningur Joan Riviere um kvenlega sjálfsmýnd sem leikið hlutverk væri hægt að færa yfir á flestar konur *Krúnuleikana*, sem reyna eftir sinni bestu getu að hlíta til fyrirfram ákveðins hlutverks síns sem hefðardömur. Í tilvikum Cersei Lannister þá leitast hún eftir því að fjarlægja sig eins og hún getur frá kvenlegu hlutverki sínu þegar kemur að því að staðsetja sig innan valdabaráttunnar.<sup>55</sup> Í fyrstu þremur bókum *Krúnuleikana* líta persónur og sögumenn á drottninguna sem bæði kaldrifjaða og siðspillta manneskju sökum þeirrar fjarlægðar er liggur á milli raunverulegrar stöðu persónanna og yfirborðskenndrar ímyndar þeirra í skipan samfélagsins. Þegar kemur að fjórðu bókinni verður hins vegar augljóst hversu ákaft Cersei þráir að taka við stöðu föðurs síns og hvernig það drífur áfram þær ákvarðanir sem hún tekur. Sökum þeirrar áherslu sem samfélagið setur á yfirráð karlmanna hefur Cersei alla sína ævi ekki viljað neitt meira heldur en að líkjast föður sínum og með því vinna sér inn samþykki hans. Skipan samfélagsins hefur því leitt til þess að hún setur sig í hlutverk sem henni er síðan afneitað.

---

<sup>55</sup> Cersei leyfir sér ekki einu sinni að fella tár nema í einrúmi því hún telur það vera merki um veikleika. George R.R. Martin. *Game of Thrones: A Feast for Crows*. London: Harper Voyager, 2011, bls. 192.

## Lokaorð

Áhrif fantasubókmennta hafa farið stigmagnandi undanfarin ár, þar á meðal sökum jákvæðari umfjöllun þeirra á fræðilegum grundvelli. Samfara aukningunni á fræðilegum rannsóknum greinarinnar er skilgreining á einkennum hennar ávallt í endurmótun og hefur leitt til þess að aðgreining á undirgreinum hennar hefur orðið æ flóknari. Með *Krúnuleikum* George R.R. Martin hefur orðið breyting á ævintýrafantasíunni í gegnum afbyggingu á viðteknum gildum greinarinnar. Með áherslunni á þá valdabaráttu er einkennir miðaldasamfélagið Westeros eru aðilar innan valdastéttarinnar blindir fyrir þeim ógnum sem það yfirnáttúrulega hefur í för með sér. Siðferði þessa samfélags brýtur þannig í bága við hefðbundna aðgreiningu góðra og illra eiginleika með afbyggingu bæði í frásagnarmátanum og þeim persónum sem varpað er fram.

Þrátt fyrir það viðtekna tvenndarkerfi góðs og ills sem móderníska fantasían setti fram varð hins vegar einkennandi fyrir hana frá útgáfu *Hringadróttinsögu* að endurskoða hlutverk kyngervis innan fantasíuheimsins. Með verkum Tolkien skapaðist viss undirstaða fyrir það form sem seinni rithöfundar tileinkuðu sér og sýnir enn fremur þær væntingar er þeir bera með sér verk sín út frá því sem fyrr hefur verið skrifað. Frá verkum Tolkien hefur endurskoðun á kynhlutverkum því orðið eitt af sérkennum fantasíunnar, hvort það séu hefðbundnari fantasíur eins og sögurnar af Harry Potter eða fantasíur sem taka til póstmódernisma eins og *Krúnuleikarnir*. Sú sundurleitni sem hefur orðið í leiðarfrásögninni samkvæmt Jean-François Lyotard tekur ekki aðeins til stöðu kyngervis í fantasíubókmenntum heldur einnig sjálfs frásagnarmátans. Með þeim fjölmörgu sögumönnum sem fara með söguna hverju sinni í *Krúnuleikunum* skapast álíka sundurleitni í ályktunum þeirra um samfélagið og þeim persónur sem verða á vegi þeirra. Með áherslu Westeros á baráttuna um völd verða bæði kynin fórnarlömb spillingarinnar. Sökum spillingarinnar elur frásagnarmátinn því á tortryggni persónanna og skapar þannig mjög sundraða ímynd á samfélaginu. Með áherslunni á eigingjarna hegðun yfirstéttarinnar hefur því sviksemi í þessu samfélagi aukist og grafið undan á trúnni á dyggðug áform einstaklingsins.

Með kenningu Judith Butler um möguleika þess að gera sér grein fyrir yfirborðskennd kynhlutverka með endurtekningu þeirra áttar Cersei sig á sama hátt hverjum samfélagið er hliðhollt þegar kemur að valdbeitingu. Í miðaldasamfélagi Westeros eru það karlmenn sem eru við stjórnvölinn og hefur Cersei því frá unga aldri reynt að tileinka sér eiginleika er heyra viðtekið til karlmanna. Hlutverk Cersei í fyrstu þremur bókum seríunnar einkennist af

mistúlkun sögumanna á gjörðum hennar og er það ekki fyrr en í fjórðu bókinni sem að augljóst verður að ákvarðanir hennar eru teknar út frá þrá hennar til þess að skapa sér stöðu innan valdaskipunarinnar. Svikult eðli samfélagsins hefur því leitt til þess að Cersei hefur afneitað siðferðiskennd sinni og gefist undir til vafasamra athæfa sökum þess. Í fyrstu tekur Cersei siðferðislega rangar ákvarðanir til þess að vernda fjölskyldu sína en sér síðan ekki annað í stöðunni heldur en að halda því áfram sökum þess að það sé eina leiðin fyrir hana til þess að fá sínu framgengt. Ólíkt bróðir sínum Tyrion, sem sættir sig við þá stöðu er hann gegnir í samfélaginu, reynir Cersei af fremsta megni að brjótast gegn fyrirfram ákveðnu hlutverki sínu í þeim tilgangi að endurskilgreina stöðu kvenna í samfélagi Westeros. Ákveðni hennar verður henni hins vegar að falli og sama hversu mikið hún reynir að brjótast gegn hlutverki sínu innan skipun samfélagsins er henni enn og aftur neitað um að færa sig frá því. Með Cersei Lannister er gert ljóst hversu ósveigjanleg kynhlutverk eru í þessu samfélagi í gegnum afneitun á einhvers konar breytingum á hlutverki kyngervis.

## Heimildarskrá

Attebery, Brian. „Structuralism“. *The Cambridge Companion to Fantasy Literature*. Ritstjórar Edward James og Farah Mendlesohn. Cambridge: Cambridge University, 2012.

Berndt, Katrin. „Hermione Granger, or, A Vindication of the Rights of Girl“. *Heroism in the Harry Potter Series*. Ritstjórar Katrin Berndt og Lena Steveker. Surrey: Ashgate Publishing Company, 2011.

Buker, Derek M. „Sword and Sorcery“. *The Science Fiction and Fantasy Reader's Advisory: The Librarian's Guide to Cyborgs, Aliens and Sorcerers*. Chicago: American Library Association, 2002.

Butler, Judith. *Gender Trouble*. London: Routledge, 2006.

Campbell, Joseph. *The Hero with a Thousand Faces*. Novato: New World Library, 2008.

Casey, Jim. „Modernism and Postmodernism. *The Cambridge Companion to Fantasy Literature*. Ritstjórar Edward James og Farah Mendlesohn. Cambridge: Cambridge University Press, 2012.

Humm, Maggie. „Feminist Literary Theory“. *Contemporary Feminist Theories*. Ritstjórar Stevi Jackson og Jackie Jones. Edinburgh: Edinburgh University Press, 1998.

Hunt, Peter. „Introduction“. *Alternative Worlds in Fantasy Fiction*. Ritstjórar Peter Hunt og Millicent Lenz. New York: Continuum, 2001.

Le Guin, Ursula K. *Tehanu*. New York: Atheneum, 1993.

Liotard, Jean-François. *Hið Póstmóðerníska ástand: skýrsla um þekkinguna*. Ísl. þýðing: Guðrún Jóhannsdóttir. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.

Martin, George R.R. *Game of Thrones: A Dance with Dragons*. New York: Bantam Books, 2011.

Martin, George R.R. *Game of Thrones: A Feast for Crows*. London: Harper Voyager, 2011.

Martin, George R.R. *Krúnuleikar*. Ísl. þýðing Elín Guðmundsdóttir. Reykjavík: Ugly, 2012.

Mendlesohn, Farah. „The Portal Quest Fantasy“. *Rhetorics of Fantasy*. Middletown: Wesleyan University Press, 2008.

Pienciak, Anne. „The Author and his Times“. *J.R.R. Tolkien's The Hobbit and the Lord of the Rings*. New York: Barron's Educational Series Inc., 1986.

Riviere, Joan. „Womanliness as a Masquerade“. *Formations of Fantasy*. Ritstjórar Victor Burgin, James Donald og Cora Kaplan. London: Methuen, 1986.

Sandner, David. „Romantic to the Fantastic“. *The Fantastic Sublime: Romanticism and Transcendence in Nineteenth- Century Children's Fantasy Literature*. Westport: Greenwood Press, 1996.

Thum, Maureen. „Hidden in Plain View: Strategizing Unconventionality in Shakespeare's and Tolkien's Portraits of Women“. *Tolkien and Shakespeare: Essays on Shared Themes and Language*. Ritstj. Janet Brennan Croft. North Carolina: McFarland & Co. Inc, 2007.

Tolkien, J.R.R. „The House of Healing“. *The Return of the King*. Glasgow: HarperCollins Publishers, 1999.

Waugh, Patricia. „Postmodernism and Feminism“. *Contemporary Feminist Theories*. Ritstjórar Stevi Jackson og Jackie Jones. Edinburgh: Edinburgh University Press, 1998.